Reglur um tilkynningu
VINNUSLYSA

Slys eða eitrun sem ekki veldur langvinnu eða varanlegu heilsutjóni:

Atvinnurekandi eða fulltrúi hans skal tilkynna slys eða eitrun sem veldur fjarveru frá vinnu í einn eða fleiri daga, auk þess dags sem slysið varð, til *Vinnueftirlitsins* á sérstöku tilkynningarblöðum eins fljótt og hægt er – *þó ekki síðar en innan 14 daga frá slysinu. Tilkynningarblöðin er hægt að fá hjá Vinnueftirlitinu og á heimasíðunni.*

Slys eða eitrun sem ætla má að geti valdið langvinnu eða varanlegu heilsutjóni:

Slík slys eða eitrun skal atvinnurekandi eða fulltrúi hans tilkynna *lögreglu* og *Vinnueftirlitinu* símleiðis eða með öðrum hætti svo fljótt sem verða má – *en þó ekki síðar en innan sólarhrings. Auk þess skal senda tilkynningarblaðið eins fljótt og auðið er til Vinnueftirlitsins og eigi síðar en innan 14 daga.*

Dæmi um slys eða eitrun sem ætla má að geti valdið langvinnu eða varanlegu heilsutjóni:

Missir útlims eða hluta af útlim, beinbrot, meiriháttar sár, skemmdir á taugavef, alvarlegt augnslys, innvortis meiðsli eða eitrun, hinn slasaði missir meðvitund, fer úr liði o.fl.



Óbreyttar aðstæður á slysstað

Óheimilt er að breyta aðstæðum á slysstað, nema vegna björgunaraðgerða, fyrr en vettvangskönnun hefur farið fram.

Reglurnar (nr. 612/1989) fást hjá Vinnueftirlitinu og á heimasíðunni

VINNUEFTIRLITIÐ
Bíldshöfða 16 – 110 Reykjavík – Sími 550 4600 – Fax 550 4610
Netfang: vinnueftirlit@ver.is – Heimasíða: www.vinnueftirlit.is

Hönnun: ÍAS
Nr. 9 – 2. útg. 2002